

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-rikkanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA

2000/EES/13/01 Tilmæli Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 154/99/COL frá 2. júlí 1999 um samræmda áætlun um opinbert matvælaeftirlit fyrir árið 1999 1

2000/EES/13/02 Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA nr. 200/99/COL frá 15. september 1999 um að í Noregi teljist hagnýting landsvæðis í þeim tilgangi að leita að eða nema olíu eða gas ekki starfsemi sem skilgreind er í i-lið b-liðar 2. mgr. 2. gr. gerðarinnar, sem um getur í 4. lið XVI. viðauka við EES-samninginn (tilskipun ráðsins 93/38/EBE), og að stofnanir, sem annast slíka starfsemi, teljist í Noregi ekki starfa samkvæmt sérleyfi eða einkarétti í merkingu b-liðar 3. mgr. 2. gr. gerðarinnar 13

3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

2000/EES/13/03 Tilkynning um samstarfssamninga (Mál nr. COMP/F1-37.775 – CEMEP) 15

2000/EES/13/04 Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.1893 – Butler Capital/CDC/AXA/Finauto/Autodistribution/Finelist) . 16

2000/EES/13/05 Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.1618 – Bank of New York/Royal Bank of Scotland/Trust Bank) 17

2000/EES/13/06 Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.1659 – Preussen Elektra/BZH) 17

2000/EES/13/07	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.1660 – Bank of New York/Royal Bank of Scotland/ RBSI Security Services)	18
2000/EES/13/08	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.1774 – Deutsche BP/DaimlerChrysler AG/Union-Tank Eckstein)	18
2000/EES/13/09	Tilkynning um sameiginlegt verkefni (Mál nr. COMP/37.741)	19
2000/EES/13/10	Tilkynning um sameiginlegt verkefni (Mál nr. COMP/F-1/37.802/Dynamit Nobel – Orica)	19
2000/EES/13/11	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.1825 – Suzuki Motor/Suzuki KG/Fafin)	20
2000/EES/13/12	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.1849 – Soletron/Ericsson Switches)	20
2000/EES/13/13	Afturköllun tilkynningar um samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.1829)	21
2000/EES/13/14	Afturköllun tilkynningar um samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.1862)	21
2000/EES/13/15	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 48/99 - Spánn	21
2000/EES/13/16	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 49/99, C 50/99, C 52/99 - Spánn	22
2000/EES/13/17	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 78/99 - Portúgal	22
2000/EES/13/18	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 79/99 - Breska konungsríkið	23
2000/EES/13/19	Tilkynning um breytingu á ákvörðun 98/682/EB, KBE, um tilnefningu á nefndarmönnum, formönnum og varaformönnum í sérfræðinganefndir sem aðstoða framkvæmdastjórnina við að velja viðfangsefni og móta stefnu í lykilað gerðum á sviði rannsóknastarfsemi og tækniþróunar	23
2000/EES/13/20	Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 87. og 88. gr. EB-sáttmálans (áður 92. og 93. gr.) - Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki	23
2000/EES/13/21	Áætlunarflug í Þýskalandi samkvæmt skyldu um opinbera þjónustu	25
2000/EES/13/22	Áætlunarflug - Breyting franskra stjórnvalda á skyldu um opinbera þjónustu í tengslum við áætlunarflug í Frakklandi	25
2000/EES/13/23	Skrá yfir birt skjöl framkvæmdastjórnarinnar	25
2000/EES/13/24	Skrá yfir skjöl sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 31.1. til 18.2.2000	28
2000/EES/13/25	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir	29

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Tilmæli Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 154/99/COL

2000/EES/13/01

frá 2. júlí 1999

um samræmda áætlun um opinbert matvælaeftirlit fyrir árið 1999

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með hliðsjón af EES-samningnum, einkum 109. gr. og bókun 1,

með hliðsjón af samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól, einkum b-lið 2. mgr. 5. gr. og bókun 1,

með hliðsjón af gerðinni, sem um getur í 50. lið XII. kafla í II. viðauka við EES-samninginn, um opinbert matvælaeftirlit (tilskipun ráðsins 89/397/EEB), einkum 3. mgr. 14. gr.,

að höfðu samráði við fastanefnd EFTA um matvæli sem er Eftirlitsstofnun EFTA til aðstoðar.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Til að tryggja snuðulausa starfsemi Evrópska efnahagssvæðisins (EES) er nauðsynlegt að kveða á um samræmdar áætlunir um matvælaeftirlit innan þess.

Í slíkum áætlunum er áhersla lögð á að gildandi lög um matvæli samkvæmt EES-samningnum séu í heiðri höfð, verndun almannaheilbrigðis, hagsmuni neytenda og heiðarlega viðskiptahætti.

Með því að hrinda innlendum og samræmdum áætlunum samtímis í framkvæmd er unnt að afla upplýsinga og reynslu sem byggja má frekara eftirlit á.

Liechtenstein ber að fara að ákvæðum gerðanna, sem um getur í XII. kafla í II. viðauka við EES-samninginn, fyrir 1. janúar 2000. Liechtenstein bar að gera sitt ytrasta til að fara að ákvæðum gerðanna sem um getur í þeim kafla fyrir 1. janúar 1997. Því eiga þessi tilmæli fyrir árið 1999 við um Liechtenstein.

Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna hefur, í tilmælum sínum frá 22. desember 1998 um samræmda áætlun um opinbert matvælaeftirlit fyrir árið 1999, mælt til þess að aðildarríki Evrópusambandsins hrindi samsvarandi áætlun í framkvæmd.

SAMÞYKKT TILMÆLI ÞESSI:

Mælt er til að árið 1999 taki Ísland, Liechtenstein og Noregur sýni og/eða framkvæmi eftirlit og láti fara fram greiningu í rannsóknarstofu á:

- (a) okratoxín A í kaffi,
- (b) aukefnum í matvælum.

1. Þrátt fyrir að ekki hafi verið kveðið á um fjölda sýna ber Íslandi, Liechtenstein og Noregi að tryggja að nægilegur fjöldi sýna sé tekinn til að unnt sé að fá yfirlit yfir ástandið í hverju ríki með tilliti til viðfangsefnisins sem er tekið til athugunar. Tillögur verða gerðar um greiningaraðferðir.
2. Ísland, Liechtenstein og Noregur skulu veita tilskildar upplýsingar á þar til gerðum skráningareyðublöðum, sem eru sýnd í viðaukanum, til að auðvelda samanburð á niðurstöðum.
3. **Okratoxín A í kaffi**

Markmið þessa þáttar áætlunarinnar er að hafa eftirlit með fullnustuaðgerðum Íslands, Liechtenstein og Noregs þegar óásættanlegt magn eiturefna finnst sem ekkert ákveðið hámarksmagn hefur verið sett fyrir. Samkvæmt EES-samningnum og innlendum lögum um matvæli verða matvæli til neyslu þó að vera örugg og samkvæmt 2. gr. gerðarinnar, sem um getur í lið 54f í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn, um málsmeðferð fyrir bandalagið vegna mengunarefna í matvælum (reglugerð ráðsins (EEB) nr. 315/93) er sér í lagi óheimilt að selja matvæli, sem innihalda óásættanlegt magn mengunarefna, að teknu tilliti til almannaheilbrigðis og sérstaklega ef þau eru við eiturefnaörk.

Okratoxín A er talið vera öflugt nýrnaeiturefni, krabbameinsvaldur og efni með erfðaeitureiginleikum. Í EES-samningnum er ekki kveðið á um neitt sérstakt hámarksmagn fyrir okratoxín A í kaffi né heldur á innlendum vettvangi í flestum EFTA-ríkjunum.

Tiltækar vísindalegar upplýsingar sýna ekki á skýran hátt hvort ólíkar vinnsluaðferðir eins og brennsla, geti lækkað okratoxínmagn. Ennfremur er sala á óunnu kaffi beint til neytenda takmörkuð. Því ber að hafa eftirlit með mengun af völdum okratoxíns A í öllum kaffigerðum (óunnu, brenndu, möluðu, í duftformi, o.s.frv.)

Taka ber sýni samkvæmt ákvæðunum um opinbert eftirlit með aflatoxíni í jarðhnetum og afleiddum vörum í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/53/EB⁽¹⁾.

4. **Aukefni í matvælum**

Í allmörgum tilskipunum eru settar reglur um notkun aukefna í matvælum (tilskipun 94/35/EB⁽²⁾ um notkun sætuefna, eins og henni var breytt með tilskipun 96/83/EB⁽³⁾; 94/36/EB⁽⁴⁾ um notkun litarefna; 95/2/EB⁽⁵⁾ um notkun aukefna annarra en litarefna og sætuefna, eins og henni var breytt með tilskipun 96/85/EB⁽⁶⁾).

Markmið þessa hlutar áætlunarinnar er að meta hvornig innlendum lögum, sem samsvara fyrirnefndum tilskipunum, er beitt á Íslandi, Liechtenstein og Noregi og ennfremur að hafa eftirlit með fullnustuaðgerðum þessara ríkja ef ekki er farið að lögum.

Eftirlitið skal taka til skoðunar í fyrirtækjum sem annast matvælavinnslu (eftirlit með uppskriftum) og rannsókna á sýnum sem eru tekin á markaðinum eða í matvælavinnslufyrirtækjum.

Niðurstöður skoðunar og rannsókna ber að skrá á eyðublöð sem er að finna í viðaukanum. Þessi skráningareyðublöð eru í samræmi við hagskýrslueyðublöð fyrir árlegar skoðunaráætlanir fyrir Ísland, Liechtenstein og Noreg.

Af hagnýtum ástæðum skal rannsóknin miðast við takmarkaðan fjölda aukefna. Sem valviðmið skulu Ísland, Liechtenstein og Noregur velja þau aukefni þar sem hætta er á að farið sé yfir viðtekinn dagskammt samkvæmt áreitunarmati, sem fram fer á Íslandi, Liechtenstein og Noregi og er hluti af vísindalegu samstarfi.

(¹) Stj.úð. EB L 201, 17.7.1998, bls. 93.

(²) Stj.úð. EB L 237, 10.9.1994, bls. 3.

(³) Stj.úð. EB L 48, 19.2.1997, bls. 16.

(⁴) Stj.úð. EB L 237, 10.9.1994, bls. 13.

(⁵) Stj.úð. EB L 61, 18.3.1995, bls. 1.

(⁶) Stj.úð. EB L 86, 28.3.1997, bls. 4.

Nota ber skrár, sem er skilað, sem leiðbeiningar til að velja forgangsverkefni fyrir þessa rannsókn. Þó kunna önnur aukefni að hafa sérstaka þýðingu fyrir Ísland, Liechtenstein og Noreg og er heimilt að bæta þeim við skýrsluna.

Sem viðmið við val á þeim vöruflokkum, sem á að rannsaka í því skyni að greina þessi aukefni, ber að velja flokkana, sem sýndir eru í viðaukanum, þar sem þeir eru mikilvægastir með tilliti til neyslu þeirra aukefna sem eru til athugunar. Þó eru aðrar vörur ekki útilokar.

Gjört í Brussel 2. júlí 1999

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Hannes Hafstein

Bjarnveig Eiríksdóttir

stjórnarmaður

starfandi deildarstjóri

2. AUKEFNI Í MATVÆLUM

TAFLA 2.1

EFTA-riki.....

SKOÐUN Í FYRIRTÆKJUM VEGNA NOTKUNAR Á AUKEFNUM

Heildarfjöldi vöruskoðana:.....

Heildarfjöldi brota:.....

	VÖRUFLOKKUR UNDIRFLOKKUR	AUKEFNI SEM FYRST OG FREMST BER AÐ LEITA AÐ	AUKEFNI SEM LEITAÐ ER AÐ	FJÖLDI BROTA	FULLNUSTUAÐGERÐIR (***) FJÖLDI							
					Engar (1)	Munnleg áminning (2)	Skrifleg áminning (3)	Krafist bættis innra eftirlits (4)	Sölu- bann (5)	Stjórn- sýslu- sekt (6)	Máls- höfðun (7)	Annað (8)
1	Mjólkurvörur -Óþroskaðir ostar	E200, E202, E203										
2	Egg og eggafurðir											
3	Kjöt og kjötafurðir, villibráð og alifuglar - <i>Sælkeramatur og verkað kjöt</i> - <i>Kjöttvörur sem fengið hafa</i> <i>hitameðferð</i>	E249, E250, E251, E252										
4	Fiskur, skelfiskur og lindýr - <i>Skelfiskur og smokkfiskur</i>	E200, E202, E203 E210 til E213 E220 til E228										
5	Fitur og olíur											
6	Súpur, soð og sósur - <i>Sósur og krydd</i> - <i>Peyttar og ópeyttar sósur</i>	E100 E200, E202, E203 E210 til E213										

	VÖRUFLOKKUR UNDIRFLOKKUR	AUKEFNI SEM FYRST OG FREMST BER AÐ LEITA AÐ	AUKEFNI SEM LEITAÐ ER AÐ	FJÖLDI BROTA	FULLNUSTUAÐGERÐIR (***) FJÖLDI							
					Engar (1)	Munnleg áminning (2)	Skrifleg áminning (3)	Krafist bættis innra eftirlits (4)	Sölu- bann (5)	Stjórn- sýslu- sekt (6)	Máls- höfðun (7)	Annað (8)
14	Kakó eða kakóblöndur, kaffi og te - <i>duft til að búa til heita drykki</i>	E473, E474 E481										
15	Sætindi - <i>Sultur, hlaup og marmelaði með litlu orkugildi eða án viðbættis sykurs og sambærilegar vörur</i>	E952 E200, E202, E203 E210 til E213										
16	Hnetur og hnetuafurðir, snarl											
17	Tilbúnir réttir											
18	Matvæli sem miðast við sérstakar næringarþarfir - <i>Finbakstur sem miðast við sérstakt mataræði</i>	E952										
19	Annað											

Greiningaraðferð sem var beitt (tilvísun: rit, skráðir staðlar, o.s.frv.; órstutt lýsing á aðferðinni; ákvörðunarmörk)(ef ólík aðferðinni sem mælt er með)

(*) Athugasemdir um fullnustuaðgerð

(1) (2) (3) (4) (5) (6) (7) (8)

Önnur atriði, ábendingar, erfiðleikar sem koma upp við greiningu:

TAFLA 2.2

EFTA-riki.....

SÝNI OG RANNSÓKNIR VEGNA AUKEFNA

Heildarfjöldi vöruskoðana:.....

Heildarfjöldi brota:.....

	VÖRUFLOKKUR UNDIRFLOKKUR	AUKEFNI SEM FYRST OG FREMST BER AÐ LEITA AÐ	AUKEFNI SEM LEITAÐ ER AÐ	FJÖLDI BROTA	FULLNUSTUAÐGERÐIR (***) FJÖLDI							
					Engar	Munnleg áminning	Skrifleg áminning	Krafist bættis innra eftirlits	Sölu- bann	Stjórn- sýslu- sekt	Máls- höfðun	Annað
					(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)
1	Mjólkurvörur -Óproskaðir ostar	E200, E202, E203										
2	Egg og eggafurðir											
3	Kjöt og kjötafurðir, villibráð og alifuglar - Sælkeramatúr og verkað kjöt - Kjöttvörur sem fengið hafa hitameðferð	E249, E250, E251, E252										
4	Fiskur, skelfiskur og lindýr - Skelfiskur og smokkfiskur	E200, E202, E203 E210 til E213 E220 til E228										
5	Fitur og olíur											
6	Súpur, soð og sósur -Sósur og krydd -Þeyttar og óþeyttar sósur	E200, E202, E203 E210 til E213										
7	Kornmeti og bökunarvörur - Finbakstur (kex, sætabrauð, vínarbrauð og bollur)	E160b										

	VÖRUFLOKKUR UNDIRFLOKKUR	AUKEFNI SEM FYRST OG FREMST BER AÐ LEITA AÐ	AUKEFNI SEM LEITAÐ ER AÐ	FJÖLDI BROTA	FULLNUSTUAÐGERÐIR (***) FJÖLDI							
					Engar (1)	Munnleg áminning (2)	Skrifleg áminning (3)	Krafist bættis innra eftirlits (4)	Sölu- bann (5)	Stjórn- sýslu- sekt (6)	Máls- höfðun (7)	Annað (8)
16	Hnetur og hnetuafurðir, snarl											
17	Tilbúnir réttir											
18	Matvæli sem miðast við sérstakar næringarþarfir - <i>Finbakstur sem miðast við sérstakt mataræði</i>	E952										
19	Annað											

Greiningaraðferð sem var beitt (tilvísun: rit, skráðir staðlar, o.s.frv.; örstutt lýsing á aðferðinni; ákvörðunarmörk)(ef ólík aðferðinni sem mælt er með)

(*) Tilgreina ber gildi sem eru greind

(**) Athugasemdir um fullnustuaðgerð

(1) (2) (3) (4) (5) (6) (7) (8)

Önnur atriði, ábendingar, erfiðleikar sem koma upp við greiningu:

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA**2000/EES/13/02****nr. 200/99/COL****frá 15. september 1999**

um að í Noregi teljist hagnýting landsvæðis í þeim tilgangi að leita að eða nema olíu eða gas ekki starfsemi sem skilgreind er í i-lið b-liðar 2. mgr. 2. gr. gerðarinnar, sem um getur í 4. lið XVI. viðauka við EES-samninginn (tilskipun ráðsins 93/38/EBE), og að stofnanir, sem annast slíka starfsemi, teljist í Noregi ekki starfa samkvæmt sérleyfi eða einkarétti í merkingu b-liðar 3. mgr. 2. gr. gerðarinnar

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið,

með hliðsjón af gerðinni sem um getur í 4. lið XVI. viðauka við EES-samninginn (*tilskipun ráðsins 93/38/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti*, með áorðnum breytingum) einkum 4. og 5. mgr. 3. gr., og 5. til 8. mgr. 40. gr.,

með hliðsjón af gerðinni sem um getur í 12. lið IV. viðauka við EES-samninginn (*tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni*), einkum 12. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt 3. gr. gerðarinnar, sem um getur í 4. lið XVI. viðauka við EES-samninginn (*tilskipun ráðsins 93/38/EBE*), er EFTA-ríki heimilt að fara fram á það við Eftirlitsstofnun EFTA að kveðið verði á um að hagnýting landsvæðis í þeim tilgangi að leita að eða nema olíu, gas, kol eða annað eldsneyti í föstu formi, teljist ekki starfsemi sem skilgreind er í i-lið b-liðar 2. mgr. 2. gr. gerðarinnar og að stofnanir teljist ekki starfa samkvæmt sérleyfi eða einkarétti í merkingu b-liðar 3. mgr. 2. gr., þó að þær stundi einhverja þessa starfsemi að því tilskildu að ýmis ítarleg skilyrði, sem mælt er fyrir um í 1. og 3. mgr., séu uppfyllt varðandi ákvæði landslaga sem eiga við um slíka starfsemi og að samkvæmt 2. mgr. sömu greinar skuli sérhvert EFTA-ríki, sem fer fram á slíka ákvörðun, tryggja að allar stofnanir virði meginreglurnar um jafnræði og stuðli að samkeppni við gerð innkaupasamninga og sendi Eftirlitsstofnun EFTA upplýsingar um gerð slíkra samninga.

EFTA-ríki, sem hafa farið að ákvæðum gerðarinnar sem um getur í 12. lið IV. viðauka við EES-samninginn (*tilskipun ráðsins 94/22/EB*), teljast uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 3. gr. gerðarinnar sem um getur í 4. lið XVI. viðauka við EES-samninginn (*tilskipun ráðsins 93/38/EBE*).

Með bréfum dagsettu 11. júlí 1996 og 1. júlí 1999 fóru norsk stjórnvöld fram á það við Eftirlitsstofnun EFTA að kveðið yrði á um að í Noregi teljist hagnýting landsvæðis í þeim tilgangi að leita að eða nema olíu eða gas ekki starfsemi sem skilgreind er í i-lið b-liðar 2. mgr. 2. gr. gerðarinnar, sem um getur í 4. lið XVI. viðauka við EES-samninginn (*tilskipun ráðsins 93/38/EBE*), og að stofnanir, sem annast slíka starfsemi, teljist í Noregi ekki starfa samkvæmt sérleyfi eða einkarétti í merkingu b-liðar 3. mgr. 2. gr. gerðarinnar. Þessi beiðni, með áorðnum breytingum, tók ekki til hagnýtingar landsvæðis í þeim tilgangi að leita að eða nema kol eða annað eldsneyti í föstu formi.

Noregur hefur farið að gerðinni, sem um getur í 12. lið IV. viðauka við EES-samninginn (*tilskipun ráðsins 94/22/EB*), með lögum nr. 72 frá 29. nóvember 1996 um olíustarfsemi, sem breytt var með reglugerð frá 17. júlí 1998.

Með norskrri reglugerð frá 16. desember 1994 um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti (veitustofnanir), eins og henni var síðast breytt 18. júní 1998, er gerðin, sem um getur í 4. lið XVI. viðauka við EES-samninginn (*tilskipun ráðsins 93/38/EBE*), tekin upp í norsk lög.

Þessi reglugerð, eins og henni var breytt 18. júní 1999, uppfyllir skilyrði b-liðar 2. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar gerðar að því er varðar meginreglurnar um jafnræði og stuðlar að samkeppni við gerð innkaupasamninga stofnana sem leita eða nema olíu og gas, einkum með tilliti til upplýsinga sem þær láta fyrirtækjum í té varðandi áform sín um gerð samninga og þá skuldbindingu að senda Eftirlitsstofnun EFTA upplýsingar um gerð slíkra samninga.

Þar sem reglugerðin gildir um útboð og gerð samninga að því er lýtur að starfsemi sem tengist leyfum til að vinna olíu og gas, óháð því hvenær slík leyfi voru veitt hefur Noregur uppfyllt skilyrðin sem um getur í 3. mgr. 3. gr. gerðarinnar sem um getur í 4. lið XVI. viðauka við EES-samninginn (*tilskipun ráðsins 93/38/EBE*).

Í samræmi við 5. til 8. mgr. 40. gr. gerðarinnar, sem um getur í 4. lið XVI. viðauka við EES-samninginn (*tilskipun ráðsins 93/38/EBE*), hefur EFTA-nefndin um opinber innkaup, sem er Eftirlitsstofnun EFTA til aðstoðar (EPPC), gefið álit sitt varðandi þessa ákvörðun.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

- Frá 15. september 1999 telst hagnýting landsvæðis í þeim tilgangi að leita að eða nema olíu eða gas í Noregi ekki starfsemi sem er skilgreind í i-lið b-liðar 2. mgr. 2. gr. gerðarinnar sem um getur í 4. lið XVI. viðauka við EES-samninginn (*tilskipun ráðsins 93/38/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti*, með áorðnum breytingum) og stofnanir, sem annast slíka starfsemi, teljast í Noregi ekki starfa samkvæmt sérleyfi eða einkarétti í merkingu b-liðar 3. mgr. 2. gr. þeirrar gerðar.
- Þessi ákvörðun er tekin á grundvelli ákvæða sem Noregur samþykkti frá og með 18. júní 1999 og hrinda í framkvæmd gerðinni sem um getur í 12. lið IV. viðauka við EES-samninginn (*tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni*) og 2. og 3. mgr. 3. gr. gerðarinnar sem um getur í 4. lið XVI. viðauka við EES-samninginn (*tilskipun ráðsins 93/38/EBE*) og hefur hún verið tilkynnt til Eftirlitsstofnunar EFTA.
 - Tilkynna ber Eftirlitsstofnun EFTA um lög og stjórnsýslufyrirmæli til breytingar á reglunum, sem um getur í 1. mgr. jafnóðum og þau eru samþykkt.
 - Upplýsingarnar, sem um getur í 2. mgr., eru tilkynntar Eftirlitsstofnun EFTA til þess að hún geti metið hvort breyta eigi, afturkalla eða viðhalda þessari ákvörðun.
- Tilskipun þessari er beint til Noregs.

Gjört í Brussel 15. september 1999

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Hannes Hafstein
stjórnarmaður

Peter Dyrberg
deildarstjóri

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um samstarfssamninga (Mál nr. COMP/F1-37.775 - CEMEP)

2000/EES/13/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 17.1.2000 tilkynning um samninga samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17. Eftirtaldir framleiðendur eru aðilar að samningnum: ABB Ltd. (CH), ABM GmbH (D), ATB AG (D), AEG SA (E), Brook Hansen (UK), EFACEC SA (P), Electro Adda Spa (It), Felten & Guillaume GmbH (D), FIMET Spa (It), Hanning Electro-Werke GmbH (D), Lafert Spa (It), Loher AG (D), Marelli Motori Spa (It), Leroy-Somer (F), Oemer Spa (It), Schorch GmbH (D), SEW GmbH (D), SIME motori Spa (It), Siemens AG (D), VEM GmbH (D). Markmiðið er að auðkenna og flokka þriggja fasa staðalhreyfla, sem eru frá 1 til 100 kW, í samræmi við afköst þeirra, í þrjá flokka (eff1 til eff3). Við lok ársins 2003 munu samningsaðilar minnka sameiginlega veltu (einingar) eff3-hreyfla um 50%.
2. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að tilkynntir samningar geti fallið undir gildissvið 17. reglugerðar.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.
4. Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB C 74, 15.3.2000. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 98 08) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. COMP/F1-37.775 - CEMEP, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Directorate F
Office 1/93
Avenue de Cortenberg/Kortenberglaan 150
B-1040 /Brussels

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
**(Mál nr. COMP/M. 1893 – Butler Capital/CDC/Axa/Finauto/
Autodistribution/Finelist)**

2000/EES/13/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 8.3.2000 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97⁽²⁾, þar sem fyrirtækin Butler Capital Partners, Axa Asset Management Private Equity, sem er undir stjórn Axa-hópsins, CDC Equity Capital, sem er undir stjórn Caisse des Dépôts et Consignation, og Finauto SARL öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu Finelist Group PLC með yfirtökubóði, sem var tilkynnt um 25.2.2000, og fyrirtækinu Autodistribution með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Butler Capital Partners: áhættufjármagnsumsýsla.
 - Axa Asset Management Private Equity: áhættufjármagnsumsýsla.
 - CDC Equity Capital: áhættufjármagnsumsýsla.
 - Fineauto: áhættufjármagnsumsýsla.
 - Finelist: dreifing varahluta í vélknúin farartæki, bílaviðgerðir.
 - Autodistribution: dreifing varahluta í vélknúin farartæki, lagfæring notaðra varahluta í vélknúin farartæki.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB C 76, 16.3.2000. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. COMP/M.1893 – Butler Capital/CDC/Axa/Finauto/Autodistribution/Finelist, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Directorate B – Merger Task Force,
avenue de Cortenberg/Kortenberglaan 150,
B-1040 /Brussels.

(¹) Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

(²) Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2000/EES/13/05**
(Mál nr. COMP/M.1618 – Bank of New York/Royal Bank of Scotland/
Trust Bank)

Framkvæmdastjórnin ákvað 25.8.1999 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál, sem kunna að koma þar fram, hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappirsútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna (sjá skrá á öftustu blaðsíðu),
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 399M1618. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2000/EES/13/06**
(Mál nr. COMP/M.1659 – Preussen Elektra/EZH)

Framkvæmdastjórnin ákvað 30.9.1999 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál, sem kunna að koma þar fram, hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappirsútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna (sjá skrá á öftustu blaðsíðu),
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 399M1659. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. COMP/M.1660 – Bank of New York/Royal Bank
of Scotland/RBSI Security Services)**

2000/EES/13/07

Framkvæmdastjórnin ákvað 26.8.1999 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál, sem kunna að koma þar fram, hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírsútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna (sjá skrá á öftustu blaðsíðu),
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 399M1660. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. COMP/M.1774 – Deutsche BP/Daimler-
chrysler AG/Union-Tank Eckstein)**

2000/EES/13/08

Framkvæmdastjórnin ákvað 21.2.2000 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál, sem kunna að koma þar fram, hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírsútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna (sjá skrá á öftustu blaðsíðu),
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 300M1774. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Tilkynning um sameiginlegt verkefni
(Mál nr. COMP/37.741)****2000/EES/13/09**

Framkvæmdastjórninni barst 16. desember 1999 tilkynning um samninga um fyrirhugað sameiginlegt verkefni, Mobisphere, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17, milli NEC Corporation, NEC Europe Ltd. og Siemens AG. Bækistöðvar hins sameiginlega verkefnis eru í Englandi. Tilgangur þess er að rannsaka, þróa, framleiða og markaðssetja vörur á sviði aðgangs að radiónetum fyrir farsímakerfi Universal Mobile Telecommunications System (UMTS). Fyrirnefndir aðila hyggjast markaðssetja vörur sínar í Evrópusambandinu og um heim allan.

Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að þessir samningar um samstarf, sem tilkynnt hefur verið um, geti fallið undir gildissvið reglugerðar nr. 17.

Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB C 73, 14.3.2000. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 98 09) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. COMP/37.741, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition
Directorate C
Office C150 3/90
150, Avenue de Cortenberg
B-1040 Brussels

**Tilkynning um sameiginlegt verkefni
Mál nr. COMP/F-1/37.802/Dynamit Nobel - Orica****2000/EES/13/10**

Framkvæmdastjórninni barst 22. febrúar 2000 tilkynning um samning um fyrirhugað sameiginlegt verkefni, Precision Blasting Systems GmbH, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17, milli Orica Europe Ltd., Orica Explosives Holdings Pty. Ltd., Dynamit Nobel GmbH Explosivstoff und Systemtechnik og Dynamit Nobel Aktiengesellschaft. Bækistöðvar hins sameiginlega verkefnis eru í Þýskalandi. Tilgangur þess er að þróa og framleiða rafeindahvellhettur. Fyrirnefndir aðila hyggjast markaðssetja vörur sínar um heim allan.

Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að hið sameiginlega verkefni, sem tilkynnt hefur verið um, geti fallið undir gildissvið reglugerðar nr. 17.

Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB C 73, 14.3.2000. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 98 08) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. COMP/F-1/37.802/Dynamit Nobel - Orica, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition
Directorate F
Office 1/93
150, Avenue de Cortenberg
B-1040 Brussels

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2000/EES/13/11**
(Mál nr. COMP/M.1825 – Suzuki Motor/Suzuki KG/Fafin)

Framkvæmdastjórnin ákvað 3.2.2000 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappirsútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna (sjá skrá á öftustu blaðsíðu),
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 300M1825. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2000/EES/13/12**
(Mál nr. COMP/M.1849 – Solectron/Ericsson Switches)

Framkvæmdastjórnin ákvað 29.2.2000 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappirsútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna (sjá skrá á öftustu blaðsíðu),
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 300M1849. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Afturköllun tilkynningar um samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. COMP/M.1829)**

2000/EES/13/13

